Getur draumsýn landbúnaðarins rætzt?

— rætt við Jónas Bjarnason, einn höfunda landbúnaðarskýrslunnar

Er það annað en draumsýn, að við gætum flutt út dilkakjöt og selt erlendis á kostnaðarverði? „Aðalgagnrýni mín á útreikninga um þetta er, að við verðum að gefa okkur, að útlendingar sitji í sama farinu í tækninni, meðan við tökum framförum, " sagði Jónas Bjarnason, einn nefndarmanna sem stóðu að nýgerðri landbúnaðarskýrslu.

Til að finna útkomu, sem gerir ráð fyrir slíkri „byltingu", að selja megi dilkakjöt á kostnaðarverði í samkeppni á erlendum mörkuðum, hugsaði nefndin sér „kjörbú", þar sem allt væri með sem fullkomnustum hætti. „Við gáfum okkur anzi miklar forsendur," sagði Jónas. „Ekki er hægt að reikna Ísland suður til miðbaugs." Við breytum ekki þeirri meginstaðreynd, að Ísland er tiltölulega illa fallið til landbúnaðar.

Þá verður að gera ráð fyrir mikilli hækkun markaðsverðs erlendis, eigi dæmið að ganga upp. „Spár um hækkun á markaðsverði eru óskaplega óljósar," sagði Jónas. Hann nefndi, að góð landbúnaðarríki, svo sem Nýja-Sjáland og Ástralía hefðu haldið aftur af sér við framleiðslu vegna þröngs markaðar. Framleiðslugetan í heiminum væri geysimikil. Engar sérstakar líkur væru til hækkunar verðs, tiltölulega, fremur en til lækkunar þess. Jónas nefndi áhrif orkuverðs. Hækkun orkuverðs mundi almennt draga úr kjötneyzlu og auka neyzlu afurða úr jurtaríkinu. Orkan væri ennfremur þyngri liður í framleiðslu okkar en í framleiðslu keppinautanna. Markaðsverð gæti hækkað en tilkostnaður ykist einnig.

Í skýrslu Rannsóknarráðs segir, að hægt sé með vinnuhagræðingu, bættri fóðuröflun og fóðrun, aukinni afurðasemi og bættum afurðum að auka framleiðni í sauðfjárrækt verulega frá því sem nú er. Miðað við, að allir umbótamöguleikar yrðu nýttir, væri „hugsanlegt" að lækka breytilegan markaðskostnað framleiðslunnar úr 197,20 krónum á hektógramm í 78,90 krónur. Ef því til viðbótar væri gert ráð fyrir 30 prósenta lækkun slátrunarkostnaðar og 30 prósenta hækkun markaðsverðs, miðað við verð árið 1974, væri loks hugsanlegt að flytja dilkakjöt út á kostnaðarverði.

Önnur tækifæri

Jónas lagði í viðtalinu áherzlu á, að menn ættu ekki að einblína á sauðfjárrækt og mjólkurframleiðslu, heldur nýta önnur tækifæri í landbúnaði.

„Þetta var skoðanavægi í nefndinni, grunntónninn í afstöðu meirihlutans," sagði Jónas um þá niðurstöðu hennar, að æskilegast væri, ef sú leið reyndist fær að auka verulega framleiðsluna á sauðfjárafurðum. „Menn voru sammála um, að þessa leið bæri að athuga, en skoðanir voru skiptar um, hve raunhæf hún væri."

-HH



Steingrímur Sigurðsson er afkastamikill málari. Hann heldur nú 30. sýningu sína en fyrsta sýning hans var í Bogasalnum fyrir tæpum 10 árum.

DB-mynd Bjarnleifur

LJÚFIR TÓNAR

— á málverkasýningu Steingríms

„Hann Alfreð Washington Þórðarson frá Vestmannaeyjum, listamannsnafn hans er Alli Vosi, ætlar að spila ljúfa tóna við opnunina hjá mér," sagði Steingrímur Sigurðsson, sem opnar 30. málverkasýningu sína á fimmtudagskvöldið kl. 21.00. Hún verður í félagsheimili Ölfusinga í Hveragerði.

Það var mikið að gera við að ramma inn myndirnar hans, þegar við litum inn hjá honum, og voru myndir af öllum stærðum og gerðum.

Steingrímur bauð í nefið og sagðist vera hættur allri reyktóbaksnotkun, enda væri neftóbak sitt af beztu tegund og ekki þyrfti nema nokkur korn af því til þess að verða sem nýr og betri maður. „Sumir halda að þetta sé hass," sagði hann og rak dósina upp að vitum okkar, „en hundurinn minn er þegar búinn að kanna að svo er ekki". Neftóbakslyktin leyndi sér heldur ekki.

„Já, elskurnar mínar. Þessar 55 myndir sem ég sýni núna eru allar málaðar frá því á páskum, en þá hélt ég sýningu í Eden. Nú bý ég í Hlíðarhaga í Hveragerði, sem er gömul kaffistofa undir hamrinum í Hveragerði. Þar er afskaplega friðsælt. Það tók mig að vísu dálítinn tíma að komast í vinnuform, en í seinni tíð hef ég færzt í vinnuham og orðinn hamingjusamur. Ég læt mig hafa það að lifa á því að mála. Flýtur á meðan ekki sekkur. Nú er ég búinn að fá báða strákana mína til mín og stelpan mín kemur í vor."

Sýningin verður opin daglega frá kl. 10 til 23.30. Henni lýkur á sunnudagskvöldið; „Klukkan 12 á miðnætti", sagði Steingrímur. „Ég lýk öllum sýningum mínum á miðnætti: „L'heure de crime" (stund glæpsins) eins og Fransmaðurinn segir."

EVI

Sýning Veturliða á Kjarvalsstöðum


Dómararnir að hlaða púðurbyssurnar

— því er enn engin krítik komin

„Jú, þetta er að nokkru leyti yfirlitssýning, en ég þyrfti vitanlega miklu stærra hús og fá fjöldann allan af myndum lánaðan ef svo ætti að vera að öllu leyti," sagði Veturliði Gunnarsson listmálari er við komum við á Kjarvalsstöðum í gær.

„Myndirnar eru frá ýmsum tímabilum til þess að allir þessir nýju listfræðingar og gagnrýnendur fái tækifæri til að sjá þróunina," sagði hann. „Ég er að bíða eftir hæstvirtum dómurum, en þeir eru með svo stórar púðurbyssur og eru þess vegna lengi að hlaða."

Veturliði hafði orð á því að hann hefði yndi af að mála báta, gamla og þreytta báta með mikla lífsreynslu að baki sem mætast svo í fjörunni eins og gamlir elskendur. „Sumir hafa spurt mig af hverju ég máli ekki skepnur eða fólk. Það er út af því að þegar ég fer út í náttúruna að mála, þá er fólk upptekið við að horfa á sjónvarp. Þetta er líka ósköp einfalt með skepnurnar, í minni sveit í Súgandafirði voru engin hross og við áttum bara ½ belju á móti öðrum."



Veturliði Gunnarsson við eitt listaverka sinna á Kjarvalsstöðum þar sem hann heldur nú sýningu.

DB-mynd Bjarnleifur

Hann sagðist sem betur fer ekki vera kominn með þá arkitektakomplexa að nota reglustriku, mislitt límband og rúllur við þessi svokölluðu listaverk sín. „Það er harmleikur fyrir hrausta menn að leggja sig niður við slíkt föndur, klippa þessi „tape" niður og líma þau upp á nýtt.

Sýningin byrjaði á happatölu, þann 13. nóvember. Annars eru allar tölur mínar happatölur. Henni lýkur þann 23. nóv. kl. 10. Það er að segja ef ég verð þá ekki að fá táragas til þess að koma fólki út."

Við spurðum um verð.

„Það er allt eftir samkomulagi. Guð skapaði ekki heiminn með það í huga hvað hlutir kostuðu."

U.þ.b. 130 listaverk eru á sýningunni. Veturliði er búinn að selja 22, eitt verk Listasafni ríkisins.

Sýningin er opin 4-10 og 2-10 á laugardögum og sunnudögum.

EVI

Suðurnesjabúar!
Opnum fatadeildina Á MORGUN
GÍFURLEGT ÚRVAL AF ÖLLUM FATNAÐI
VÍKURBÆR Tízkuhæðin-Keflavík
Dömudeild
Herradeild
Táningadeild
Barnadeild
Einnig blóma- og gjafavörudeild
Símar:
2042 og 2044